Nr. 22.
4.
nóvbr.

# Lög

um

að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju og Ingjaldshólskirkju skuli fengin hlutaðeigandi söfnuðum í hendur.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Stjórninni veitist heimild til að selja söfnuðunum í hendur umsjón og fjárhald þessara landssjóðs kirkna:

1. Söfnuðinum í Flateyjarsókn í Þönglabakka-prestakalli í norður- og austurumdæminu umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju með þeim kjörum, að skuld kirkjunnar við landssjóð falli burt, að hún sje afhent með hæfilegu álagi samkvæmt löglegri skoðunargjörð eða úttekt og að henni fylgi 86 kr. 21 e. í sjóði.

2. Söfnuðinum í Íngjaldshólssókn í Nesþinga-prestakalli í vesturumdæminu umsjón og fjárhald Ingjaldshólskirkju með þeim kjörum, að henni fylgi 3,000 kr. álag.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Fredensborg, 4. nóvember 1887.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

# Lov

Nr. 22.
4de
Novbr.

om

## Overdragelse af Tilsynet med og Værgemaalet for Flatø Kirke og Ingjaldshol Kirke til vedkommende Sognemenigheder.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov

Regjeringen bemyndiges til at overdrage Tilsynet med og Værgemaalet for følgende Landskassen tilhørende Kirker:

1. Tilsynet med og Værgemaalet for Flatø Kirke i Thønglabakki Præstekald inden Nord- og Østamtet til Menigheden i Flatø Sogn paa de Vilkaar, at Kirkens Gjæld til Landskassen bortfalder, at Afleveringen sker med passende Aabod ifølge lovlig Besigtigelses- eller Udtægtsforretning, samt at der med Kirken følger en Beholdning af 86 Kr. 21 Øre.

2. Tilsynet med og Værgemaalet for Ingjaldshol Kirke i Nesthinga Præstekald inden Vestamtet til Menigheden i Ingjaldshol Sogn paa Vilkaar, at der med Kirken følger en Aabod af 3,000 Kr.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Fredensborg, den 4de November 1887.

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

*Christian R.*

(L. S.)

*J. Nellemann.*